

6. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands að úthluta F. M. tækjum til láns einstaklingum þótt þeir hafi lokið skyldunámi, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar. Skylt er að skila slíkum tækjum þegar þeirra er ekki frekar þörf.

7. gr.

Fyrir rafhlöður greiðir ríkissjóður að fullu þegar yngri en 18 ára eiga í hlut.

8. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 27. mars 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 161

GJALDSKRÁ

17. mars 1986

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúklingur kr. 325,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 130,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnar-skert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 stykki) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 50,00. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þau skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar mælingar.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. apríl 1986 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 3. desember 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.